

Ed.

249. Frumvarp til laga

[139. mál]

um breyting á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs að taka allt að 50 millj. króna innlent lán handa sjóðnum til að greiða kröfur samkv. 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs er nú að komast í fast form. Hefur Seðlabanka Íslands verið falin umsjá sjóðsins samkv. heimild í 5. gr. Ríkisábyrgðasjóðslaganna.

Þegar litið er til þess, hvernig komið var um ábyrgðir ríkissjóðs, þegar lög nr. 37/1961 um ríkisábyrgðir voru sett, er augljóst, að verulegar fjárhæðir hljóta að falla á Ríkisábyrgðasjóð á næstunni. — Hins vegar má telja víst, að vanskil á ábyrgðarlánnum fari fljótlega minnkandi, bæði vegna þess, að gæta fer í sívaxandi mæli þeirrar breytingar að horfið var frá sjálfskuldarábyrgð til einfaldrar ábyrgðar og svo hins, að nú hefur innheimta öll og aðhald um að staðið sé í skilum færzt í fastara horf, er Seðlabankinn hefur tekið að sér meðferð þessara mála. —

Allar líkur benda því til, að Ríkisábyrgðasjóður þurfi á talsverðu fé að halda á næstunni, en sú fjárþörf verði tímabundin. Af þeim sökum er eðlilegt, að sjóðurinn fái heimild til að taka lán til starfsemi sinnar meðan komizt er yfir örðugasta hjallann. Er því með frv. þessu lagt til, að ríkisstjórnin megi f. h. sjóðsins taka allt að 50 milljón króna innlent lán til þess að greiða kröfur, sem fallið hafa eða falla munu á sjóðinn.